

Mánudaginn 5. aprílmán.

Mr. 5/1880.

Rjettvísín

gegn.

Sigurði Stefánssyni.

Dómur:

Þegar póstgufuskipið Díana 24. júnímán. f. á. lá á Seyðisfirði var annar stýrimaður á því staddur í landi seinni part dags; kom hann þá við hjá póstafrgreiðslumanninum í kaupstaðnum, og bauðst til að taka með sjer póstsekkina, sem póstafrgreiðslumaðurinn hafði lofað að flytja út á skip, og þáði póstafrgreiðslumaðurinn það. Eptir að stýrimaður hafði tekið við póstsekkjunum gekk hann niður að sjó til þess að fara út á skip, en á leiðinni kom hinn ákærði, Sigurður Stefánsson, bóndi á Hánefsstaðaeyri, að honum og ávarpaði hann; en er stýrimaðurinn, sem ekki skildi hvað hinn ákærði sagði, ekki sinnti honum og hjelt leiðar sinnar, veitti hinn ákærði honum eptirför niður á bryggjuna og þegar þar var komið, bratt hann stýrimanninum út af bryggjunni niður í sjó. Stýrimaðurinn kom standandi niður, og náði sjórinn honum að eins upp í hnje, en 2 af póstsekkjunum dattu í sjóinn og vöknudn.

Út af þessu tiltæki hins ákærða hefur verið höfðað mál á móti honum í rjettvísinnar nafni fyrir aukarjetti Nordurmúlasýslu, og með dómi, kveðnum upp 7. nóvbr. f. á., er hann dæmdur eptir hegningarlögum 25. júní 1869, 101. gr. 1. lið og 102. gr., samannbornum við 40. gr., í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan kostnað af málinu, þar á meðal 6 kr. í málafærslulaun til svaramanns síns í hjeraði, en þeim dómi er eptir ósk hins ákærða skotið til yfirdómsins.

Með því að yfirdómurinn ekki fær álitid, að stýri-

maður á póstskipi verði talinn meðal þeirra sýslunarmanna hins opinbera, sem 99.—101. gr. hegningarlaganna á við, nje heldur, að það atvik, að hlutaðeigandi stýrimaður var að flytja póstsendingar, án þess þó að vera kvaddur til þess af yfirboðurum sínum, veiti heimild til að heimfæra ofbeldi það, er hann varð fyrir, undir nefndar lagagreinir, þá ber að dæma hinn ákærða sýknan af ákærum rjettvísinnar í máli þessu, eins og líka allur kostnaður af því á að greiðast úr opinberum sjóði, þar á meðal 6 kr í málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hins ákærða í hjeraði, og málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Málið hefur í hjeraði verið rekið með tilbærilegum hraða, og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Sigurður Stefánsson á að vera sýkn af ákærum rjettvísinnar í þessu máli. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar á meðal málsfærslulaun til svaramanns í hjeraði, Jóns ritstjóra Ólafssonar, og til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Jóns Jónssonar, 6 kr. til hins fyrstnefnda og 10 kr. til hvors hinna síðarnefndu, greiðist úr opinberum sjóði.

6/1880

Hið opinbera
gegn

kaupmanni H. Th. A. Thomsen.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjeraði að boði amtsins